

Munnlegur flutningur efnis

Nokkur minnisatriði frá Margréti Pálsdóttur
Fjölbrautaskóla Suðurnesja 3. nóvember 2011

1. HVERT ER MARKMIÐIÐ?

Hvers vegna eiga nemendur að flytja fyrirlestra fyrir framan samnemendur sína? Hver er ávinningurinn? Veltið þessu fyrir ykkur sjálf – og með nemendum ykkar.

2. SAMTAL EN EKKI EINTAL

Sá sem flytur fyrirlestur er að tala VIÐ áheyrendur en ekki bara að koma efni FRÁ sér. Fólk hlustar og bregst við með ýmiss konar látbragði þótt það segi ekki orð.

3. AUGNSAMBAND

Horfið yfir hópinn áður en þið byrjið að tala. Þá náði þið sambandi við áheyrendur og verðið um leið eðlileg í tali. Þá finnið þið líka sjálfkrafa hversu mikinn raddstyrk þið þurfið að nota til að allir heyri í ykkur (munið eftir „morðingjaleiknum“ sem við fórum í).

4. LÍKAMSSTAÐA

Standið í báða fætur þegar þið talið. Þannig eruð þið stöðug og klár í hvaða slag sem er. Verið bein í baki og horfið fram. Þá er álagið á hálsinn lítið og rödd ykkar nýtur sín og berst vel. Nýtið ykkur augnsambandið. Talið við áheyrendur en ekki loftið og veggina eða blaðið og tjaldið.

5. ÖNDUN

Finnið að líkaminn er hljóðfæri ykkar, þótt raddböndin sjálf séu í barkakýlinu í hálsinum. Lítil börn ættu að vera fyrirmyndir okkar. Þau anda rétt, þau standa rétt, og þau beita röddinni rétt.

6. GEFIÐ YKKUR TÍMA – TALIÐ SKÝRT

Berið virðingu fyrir hlustendum. „Talað mál flýgur en bókstafurinn blífur.“

- Ljúkið við orð og setningar og fylgið þeim eftir eins og þið séuð að bera mat (og drykk) á borð fyrir góða gesti.

- Gangið úr skugga um menn heyri það sem þið segið, skilji það og fái næði til að njóta.

Munur á skyndibitastað og flottu veitingahúsi. - Virðing fyrir matnum. - Virðing fyrir efninu.

- Virðing fyrir ykkur sjálfum.

7. ÞÖGN

Nýtið ykkur **áhrifamátt þagnarinnar**. Notið þögn á undan mikilvægum orðum og setningum – og líka á eftir –, til að leggja áherslu á það sem þið segið. Munið að þögnin virðist mun lengri hjá þeim sem talar en hinum sem hlustar. Sá sem hlustar nýtir sér þögnina til að melta það sem sagt er áður en það næsta kemur (mikilvægt að fá tíma fyrir „Enter“ og „Save“, eins og ég talaði um).

8. HUGSUN – STEFNA – ÖNDUN – TAL

Þegar við tölum þurfum við að vita hvað við ætlum að segja („hugsun“, í æfingunni sem við gerðum) og við hvern við ætlum að segja það („stefna“). Þá getum við náð í loft til að segja það sem við viljum segja („öndun“) og þá er loksins kominn tími til að segja það sem við ætlum að segja („tal“). Þetta er til dæmis hægt að nýta sér í upphafi og í lok fyrirlestrar – og svo inn á milli, þegar lögð er áhersla á atriði sem skipta miklu máli.

Gangi ykkur vel!

Margrét Pálsdóttir